



Áhættulýsing vegna viðskipta með fjármálagerninga

Landsbankinn hf. | Nr. 1230-03 | Apríl 2015

Áhættulýsing þessi er ætluð viðskiptavinum Landsbankans hf. sem stunda viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli laga um verðbréfiðskipti nr. 108/2007. Ekki er um að ræða tæmandi lýsingu á mismunandi tegundum fjármálagerninga og þeim áhættuþáttum sem kunna að felast í viðskiptum með fjármálagerninga en líta á ber á lýsinguna sem yfirlit yfir helstu þætti sem valda eða aukið geta á áhættu í viðskiptum með fjármálagerninga. Viðskiptavinir Landsbankans eru hvattir til að kynna sér betur þá fjármálagerninga sem þeir hyggjast fjárfesta í og hvaða áhættu þeir fela í sér.

Tilgangur áhættulýsingar þessarar er að veita viðskiptavinum Landsbankans upplýsingar um helstu áhættuþætti sem fylgja viðskiptum með fjármálagerninga. Viðskiptavinir Landsbankans ættu ekki að eiga nein viðskipti með fjármálagerninga nema þeir geri sér fulla grein fyrir þeirri áhættu sem felst í slíkum viðskiptum og að teknu tilliti til fjárhagslegs styrks og reynslu þeirra af slíkum fjárfestingum.

1. Almennir áhættuþættir

1.1. Efnahagsleg áhætta

Gengi fjármálagerninga er að jafnaði mjög háð sveiflum í efnahagslífi. Hagsveiflur eru mismunandi, bæði hvað varðar lengd og umfang, og áhrifa þeirra gætt með mismunandi hætti á ólíkar atvinnugreinar. Við ákvörðun um fjárfestingu þarf að gæta vel að almennum hagsveiflum, m.a. milli landa og ólíkra hagkerfa.

1.2. Verðbólguáhætta

Fjárfestingar verður að meta með hliðsjón af verðbólgu og verðbólguhorfum hverju sinni. Við ákvörðun um fjárfestingu ber að líta til áætlaðrar raunávöxtunar yfir tiltekið tímabil þar sem verðbólga er dregin frá nafnávöxtun. Fjárfestar ættu því að meta raunvirði eigna sinna með hliðsjón af þeirri raunávöxtun sem ætla má að þær skili.

1.3. Skuldsetningaráhætta

Fjárfestingar í fjármálagerningum sem fjármagnaðar eru með lánsfé eru áhættusamar fyrir fjárfesti. Skuldsettar fjárfestingar eru mun viðkvæmari fyrir breytingum á gengi þeirra fjármálagerninga sem keyptir eru en fjárfestingar sem ekki eru fjármagnaðar með lánsfé. Algengt er að lánveitandi krefjist viðbótartrygginga ef verðmæti þeirra fjármálagerninga sem fjárfestir hefur sett til tryggingar láni sínu rýrnar. Hætta er á við slíkar aðstæður að hinir veðsettu fjármálagerningar verði seldir á gildandi markaðsverði sem kann að vera óhagstætt og leiða til þess að fjárfestir tapar á fjárfestingu sinni. Þá kunna sveiflur í gengi veðsettra fjármálagerninga að hafa neikvæð áhrif á greiðslugetu fjárfestis.

1.4. Gjaldeyrisáhætta

Fjárfestingum í fjármálagerningum sem eru skráðir í erlendri mynt fylgir að jafnaði gjaldeyrisáhætta, þar sem gengi einstakra gjaldmiðla getur sveiflast verulega. Verði breytingar á gengi óhagstæðar getur það leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesti. Þættir sem hafa áhrif á gengi gjaldmiðla eru m.a. verðbólguþig í viðkomandi landi, mismunurinn á milli landsbundins vaxtastigs og vaxtastigs í öðrum löndum, mat á þróun atvinnulífs og stjórn mála-ástand.

1.5. Seljanleikaáhætta

Verðmæti fjármálagerninga kann að rýrna ef sölutregða verður á markaði með þá og kann fjárfestir undir slíkum kringumstæðum að verða fyrir fjárhagslegu tjóni sem rekja má til slíkrar sölutregðu. Fjárfestir kann einnig að bíða fjárhagslegt tjón af því að geta ekki selt fjármálagerninga á tilteknu tímamarki vegna sölutregðu sem stafar af eiginleikum fjármálagernings eða viðskiptavenjum á viðkomandi markaði.

1.6. Laga- og stjórnvaldsáhætta

Aðgerðir stjórnvalda, breytingar á lögum/reglum og úrlausnir dómstóla geta haft áhrif á verðmæti fjármálagerna. Sem dæmi má nefna að breytingar á skattalögum eða lögum um gjaldeyrismál kunna að hafa neikvæð áhrif á verðmæti fjármálagerna.

1.7. Huglæg áhætta

Gengi fjármálagerna á markaði er viðkvæmt fyrir ýmsum þáttum sem erfitt er að henda reiður á. Orðrómur, fréttir, skoðanir og tilfinningar geta haft áhrif á hegðum markaðsaðila og verðmæti fjármálagerna. Markaðsvirði kann að sveiflast mjög á grundvelli slíkra huglægra þátta, óháð frammistöðu þeirra þátta sem standa undir verðmæti fjármálagerna, t.d. rekstri eða stöðu fyrirtækja sem skráð eru á markaði.

2. Áhætta af einstökum tegundum fjármálagerna

2.1. Skuldabréf

2.1.1. Almenn

Skuldabréf er skrifleg yfirlýsing þar sem útgefandi viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða eiganda ákveðna peningagreiðslu á ákveðnum tíma með þeim vaxtakjörum sem bréfið tilgreinir. Skuldabréf er kröfuréttarlegur gæningur þar sem kaupandi bréfsins (lánveitandi) á kröfu á hendur útgefandanum (skuldaranum). Skuldabréf er ýmist gefið út til handhafa (handhafabréf) eða ákveðins aðila (nafnbref).

Skilmálar skuldabréfa eru ávallt ákveðnir fyrirfram, s.s. vextir og endurgreiðsla skuldarinnar. Vextir geta verið fastir, breytilegir eða breytanlegir og skuldabréf geta verið verðtryggð, óverðtryggð eða tengd öðru viðmiði. Höfuðstóll skuldarinnar er annað hvort greiddur með einni greiðslu á lokagjaldþingi eða á fyrirfram ákveðnum gjaldþögum.

2.1.2. Eiginleikar

Helstu eiginleikar skuldabréfa eru þeir að ávöxtunarkrafa þeirra ræðst af vaxtagreiðslum og gengishækkun bréfsins eftir atvikum. Skuldabréf eru gefin út til skamms tíma (allt að fjórum árum), til meðallangs tíma (4-8 ár) og til langs tíma (lengur en 8 ár). Endurgreiðsla skuldabréfa fer fram á umsömdum gjaldþögum og fara vextir eftir skilmálum lánsins en algengt er að vextir skuldabréfa séu tengdir markaðsvöxtum.

2.1.3. Áhættuþættir

a) Gjaldfærniáhætta

Útgefandi skuldabréfs getur orðið ófær um að greiða vexti eða endurgreiða lánið. Gjaldfærni útgefanda getur breyst vegna atvika sem tengjast beint rekstri útgefanda eða atvinnugrein hans en fjölmargir aðrir þættir geta haft áhrif á getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar, s.s. almenn efnahagsþróun eða breyting á lögum. Ef sjóðstreymi versnar hjá útgefanda getur það haft bein áhrif á gengi þeirra fjármálagerna sem hann gefur út.

b) Vaxtaáhætta

Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að kaupandi skuldabréfs með föstum vöxtum tekur áhættu á að gengi bréfsins lækki ef vextir hækka. Því lengri sem lánstíminn er og því lægra sem vaxtastigið er, þeim mun viðkvæmari eru skuldabréfin fyrir hækkun markaðsvaxta.

c) Áhætta af uppgreiðslu

Skuldabréf kann að innihalda ákvæði sem heimilar útgefanda þess að endurgreiða eiganda skuldabréfsins fjárhæð þess við tiltekna aðstæður, t.d. ef markaðsvextir lækka. Því kann raunveruleg ávöxtun að vera óhagstæðari fjárfestinum en áætluð ávöxtun.

d) Innköllunaráhætta

Skuldabréf geta haft að geyma ákvæði sem heimila útgefanda að innkalla skuldabréfin fyrir lokagjaldþaga við tiltekna aðstæður, t.d. ef vextir á almennum markaði lækka. Því kann raunveruleg ávöxtun að vera óhagstæðari fjárfestinum en áætluð ávöxtun.

e) Áhætta sem tengist tilteknum tegundum skuldabréfa

Viðbótaráhætta kann að tengjast sumum tegundum skuldabréfa, t.a.m. bréfum með breytilegum vöxtum (e. floating rate notes og e. reverse floating rate notes), afsláttarskuldabréfum (e. zero coupon bonds), erlendum skuldabréfum, breytanlegum skuldabréfum, vísitölutryggðum skuldabréfum, víkjandi skuldabréfum o.fl.

Fjárfestar ættu að kynna sér sérstaklega skilmála skuldabréfa af þessum toga og fjárfesta ekki í slíkum bréfum fyrr en lagt hefur verið mat á alla áhættuþætti sem tengjast viðkomandi skuldabréfi.

Að því er varðar víkjandi skuldabréf, ættu fjárfestar að spyrjast fyrir um rétt þeirra í samanburði við aðrar skuldbindingar útgefanda. Ef útgefandi verður ógjaldfær eru skuldabréf af þessu tagi ekki greidd fyrr en allir aðrir réttþærri lánadrottanar hafa fengið greitt.

Breytanleg skuldabréf fela í sér þá áhættu að fjárfestir fái ekki fullnaðarendurgreiðslu í peningum, heldur einungis hluti í útgefanda.

2.2. Hlutabréf

2.2.1. Almennt

Hlutabréf er skírteini um réttindi hluthafa í hlutafélagi. Þessi réttindi eru fjárhagsleg eignarréttindi sem ákveðin eru með lögum og samþykktum þess félags sem í hlut á. Hlutabréf eru viðskiptabréf og gilda um þau allar hefðbundnar reglur sem um slík bréf gilda, þ. á m. um framsal. Hlutabréf eru að öllu jöfnu áhættusamari en skuldabréf. Sú áhætta er einkum fólgin í því að verð á hlutabréfum sveiflast meira en verð skuldabréfa. Fjárfesting í hlutabréfum getur þó að jafnaði verið arðsamari en fjárfesting í skuldabréfum þegar til lengri tíma er lítið og kemur ávöxtunin fram með tvennum hætti. Í fyrsta lagi birtist hún sem breyting á verði eða gengi viðkomandi hlutabréfa og í öðru lagi geta eigendur hlutafélaga átt von á því að fá greiddan arð af hlutabréfaeign sinni. Með því að dreifa hlutabréfaeign sinni með kaupum á mörgum ólíkum fyrirtækjum er hægt að draga úr áhættunni sem fylgir því að fjárfesta í einstökum hlutabréfum.

2.2.2. Áhættuþættir

a) Fyrirtækjaáhætta

Ólíkt því sem um skuldabréf gildir, þá er ekki kröfuréttarsamband milli hluthafans og útgefanda hlutabréfsins, þ.e. félagsins. Hluthafinn leggur fram eða greiðir fyrir hlutafé og eignast þar með hlut í viðkomandi félagi. Fjárfestingin er því háð rekstri félagsins og á fjárfestirinn á hættu að tapa allri fjárfestingunni ef allt fer á versta veg í rekstri félagsins.

b) Áhætta sem leiðir af gengissveiflum

Verðmæti hlutabréfa getur verið afar sveiflukennt og eykur það hættu á því að fjárfestir bíði fjárhagslegt tjón af fjárfestingu sinni í hlutabréfum. Sveiflur á verðmæti hlutabréfa til skemmri og lengri tíma geta verið ófyrirsjáanlegar.

c) Arðgreiðsluáhætta

Hafi viðkomandi félag haft hagnað af rekstri sínum þá getur slíkur hagnaður orðið grundvöllur arðgreiðslna til hluthafa, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, en ákvörðun um úthlutun arðs er tekin á hluthafafundi. Ef afkoma félagsins er slæm og hagnaður lítill eða enginn, kunna arðgreiðslur að minnka eða jafnvel falla niður.

2.3. Afleiður

2.3.1. Almennt

Afleiður eru fjármálagerningar sem breytast að verðgildi eftir verðmæti undirliggjandi eignar. Hin undirliggjandi eign kann að vera t.d. fjármálagerningur, markaðsvisitala, vaxtastig, gjaldmiðill, hráefnisverð eða jafnvel önnur afleiða. Hér að neðan er fjallað um algengustu tegundir afleiðusamninga og áhættur sem tengjast þeim.

2.3.2. Valréttarsamningar (vilnanir)

a) Eiginleikar

Með valréttarsamningi (e. options) er átt við samning sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kauprétt) eða selja (sölurétt) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrirfram ákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímamarki (lokadegi) eða innan tiltekinnna tímamarka (gildistíma valréttar). Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, seljandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningstímans. Allar breytingar á verðmæti andlagsins kunna að valda hlutfallslega meiri breytingu á verði valréttarins. Seljanda valréttar ber skylda til að efna valréttarsamninginn ef kaupandi valréttar ákveður að nýta kauprétt sinn.

b) Áhættuþættir

(i) Markaðsáhætta

Hægt er að eiga viðskipti með valréttarsamninga í kauphöllum eða á opnum tilboðsmarkaði. Þeir fylgja lögmáli um framboð og eftirspurn. Mikilvægt atriði við verðlagningu valréttarsamnings felst annars vegar í seljanleika á markaði og hins vegar í raunverulegri eða væntri þróun á verði undirliggjandi eignar. Kaupréttarsamningur lækkar í verði samhliða lækkun á verði undirliggjandi eignar, en söluréttarsamningur hækkar í verði samhliða lækkun á verði undirliggjandi eignar. Gengi valréttarsamnings veltur ekki alfarið á verðbreytingum undirliggjandi eignar. Aðrir þættir geta komið við sögu, svo sem líftími valréttarsamningsins eða tíðni og umfang allra breytinga á verðmæti hinnar undirliggjandi eignar. Af því leiðir að vilnunarálagið kann að taka dýfur, jafnvel þótt verð undirliggjandi eignar haldist óbreytt.

(ii) Vogunaráhætta

Vegna vogunaráhrifa eru breytingar á virði valréttarsamningsins yfirleitt meiri en breytingarnar á verði undirliggjandi eignar. Þannig getur eigandi valréttarsamnings hagnast á miklum hækkunum, en hann getur einnig orðið fyrir miklu tapi. Áhættan sem fylgir kaupum á valréttarsamningi eykst með vægi vogunarinnar.

(iii) Áhætta við kaup á vilnunum

Kaup á valréttarsamningi telst mjög óstöðug og áhættusöm fjárfesting. Líkurnar á að valréttarsamningur verði verðlaus á lokadegi eru tiltölulega miklar. Í því tilviki tapar fjárfestir allri fjárfestingu sinni, þ.e. því sem hann greiddi fyrir valréttinn auk þóknana.

(iv) Áhætta við sölu á vilnunum

Sala á vilnun felur í sér talsvert meiri áhættu en kaup. Segja má að jafnvel þótt verðið sem fæst fyrir vilnun sé fast séu fræðilega engin takmörk fyrir tapinu sem seljandi getur orðið fyrir enda er seljandi valréttar skuldbundinn til að kaupa eða selja hina undirliggjandi eign ef kaupandi valréttar nýtir sér rétt sinn. Ef markaðsverð undirliggjandi eignar breytist í óhagstæða átt þarf seljandi vilnunarinnar að breyta tryggingarmörkum sínum til þess að halda stöðu sinni. Ef hin selda vilnun er af "amerískri gerð" getur seljandinn jafnvel þurft að standa við samninginn hvenær sem er þar til honum lýkur. Ef andlag vilnunarinnar er staðlaður framvirkur samningur tekur seljandinn stöðu á framvirkum markaði og þarf að standa við skuldbindingar sínar varðandi tryggingarmörk. Draga má úr áhættu seljanda með því að halda stöðu gagnvart undirliggjandi eign (fjármálagerning, vísitölu eða öðru) sem svarar til hinnar seldu vilnunar.

2.3.3. Staðlaðir og óstaðlaðir framvirkir samningar

a) Eiginleikar

Með framtíðarsamningi (e. futures) er átt við staðlaðan og framseljanlegan samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirfram ákveðnum tíma. Oft er verðmæti framtíðarsamninga reiknað út daglega og samningsaðili reikningsfærður í samræmi við það. Með framvirkum samningi (e. forwards) er átt við óframseljanlegan samning þar sem kveðið er á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirfram ákveðnum tíma. Uppgjör slíkra samninga getur ýmist falist í afhendingu á undirliggjandi verðmæti eða í fjárhagslegu uppgjöri. Hvort sem um er að ræða kaup á stöðluðum eða óstöðluðum framvirkum samningi er upphaflegt álag ákveðið um leið og samningurinn er gerður. Álagið er yfirleitt sett fram sem hundraðshluti af verðmæti samningsins. Almennt getur

fjárfestir hvenær sem er á samningstímanum gert upp samninginn eða lokað honum fyrir samningslok, annað hvort með því að selja samninginn eða með því að gera mótstæðan samning. Uppgjör bindur enda á þá stöðu sem tekin hefur verið og hagnaður eða tap sem safnast hefur upp fram að uppgjöri er innleyst. Samningum sem ekki hefur verið lokað fyrir uppgjör verða aðilar að standa við. Samninga sem hafa áþreifanleg verðmæti sem undirliggjandi eign má efna með því að afhenda eignina. Ef eign er afhent þarf að efna samningsákvæðin að fullu, en ef gert er ráð fyrir samningsuppgjöri með reiðufé þarf aðeins að greiða mismuninn á samningsverðinu og markaðsverðinu á gjalddaga. Því þurfa fjárfestar að hafa meira fjármagn tiltækt vegna samninga sem kveða á um afhendingu undirliggjandi eignar en vegna samninga sem kveða á um uppgjör með reiðufé.

b) Áhættupættir

(i) Breyting á virði samningsins eða undirliggjandi eignar

Hvað sem líður hækkun á virði samnings eða undirliggjandi eignar, þarf seljandi samkvæmt framvirkum samningi að afhenda hina undirliggjandi eign á því virði sem samið var um í upphafi, sem kann að vera mun lægra en markaðsverð undirliggjandi eignar. Fyrir þann sem selur, er áhættan jafngildi mismunarins milli þess verðs sem samið var um í samningnum og markaðsverðsins á uppgjörstigi. Þar sem markaðsvirðið getur, frá fræðilegu sjónarmiði, hækkað endalaust, er hugsanlegt tap seljandans takmarkalaust og getur farið langt fram úr tryggingarmörkum. Ef virði samningsins eða undirliggjandi eignar lækkar þarf kaupandi samkvæmt framvirkum samningi engu að síður að taka við eigninni á því virði sem samþykkt var í samningnum, sem gæti verið mun hærra en markaðsverð. Fyrir þann sem selur, er áhættan þess vegna jafngildi mismunarins milli þess verðs sem samið var um í samningnum og markaðsverðsins á afhendingartíma. Þannig er hámarkstap kaupanda upphaflega umsamið verð. Tapið getur hins vegar farið langt fram úr tryggingarmörkum. Viðskiptin eru verðmetin með reglubundnum hætti (uppfærð til markaðsverðs – mark to market). Fjárfestirinn þarf að hafa stöðugan aðgang að fullnægjandi tryggingum. Ef staða trygginga verður ófullnægjandi á samningstíma framvirks samnings verður krafist viðbótartryggingar frá fjárfestinum með skömmum fyrirvara. Ef fjárfestirinn sinnir ekki kröfu um viðbótartryggingar kunna viðskiptin að vera gerð upp fyrir lok samningstímans.

(ii) Erfitt eða ómögulegt að selja

Til þess að koma í veg fyrir óhóflegar verðsveiflur, kann kauphöll að setja mörk fyrir tiltekna samninga. Fjárfestir þarf að hafa hugfast að það kann að vera afar erfitt, ef ekki beinlínis ómögulegt um tíma, að selja samninginn við slíkar aðstæður og því ætti fjárfestirinn að spyrjast fyrir um slík mörk. Ekki verður alltaf hægt (eftir markaðnum og eftir skilmálum viðskiptanna) að selja samninga hvenær sem er til þess að forðast áhættu eða minnka áhættu af yfirstandandi viðskiptum. Ef hægt er að eiga viðskipti til þess að stöðva tap, kann að vera að það sé einungis hægt á skrifstofutíma. Slík viðskipti leyfa ekki að tap sé takmarkað við tilgreinda fjárhæð, en þau eru gerð um leið og fjárhæðarmörkunum er náð.

(iii) Skortsala

Að selja eign án þess að eiga hana við samningslok (skortsala) felur í sér þá áhættu að seljandi þurfi að kaupa hina undirliggjandi eign á óhagstæðu virði til þess að geta staðið við samninginn við uppgjör og afhent hina undirliggjandi eign.

(iv) Sérstök áhætta vegna viðskipta með óstaðlaðar afleiður

Markaður fyrir stöðluð viðskipti er yfirleitt virkur og gegnsær. Því er yfirleitt hægt að selja frá sér samninga. Hins vegar er enginn markaður til fyrir óstöðluð viðskipti. Því er aðeins hægt að losna út úr samningi með samþykki gagnadilans (lokun samnings).

2.3.4. Skiptasamningar

a) Eiginleikar

Með skiptasamningi (e. swaps) er átt við samning sem kveður á um að hvor samningsaðila greiði hinum fjárhæð sem tekur mið af breytingum á hvoru viðmiðinu fyrir sig á samningstímanum. Nánar tiltekið skiptast samningsaðilar á greiðslum sem taka mið af breytingum á undirliggjandi viðmiðum, svo sem vöxtum eða gjaldmiðlum. Samningsaðilarnir ákveða við samningsgerðina hversu oft skiptin fara fram.

b) Áhættupættir

(i) Vaxtaáhætta

Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að kaupandi skuldabréfs með föstum vöxtum tekur áhættu á að gengi bréfsins lækki ef vextir hækka. Því lengri sem lánstíminn er og því lægri sem vaxtastigið er, þeim mun viðkvæmari eru skiptasamningar fyrir hækkun markaðsvaxta. Verðbólguáhætta á við um skiptasamninga tengda verðbólgu.

(ii) Gengisáhætta

Gengisáhætta á við um gjaldmiðlaskiptasamninga. Þar sem gengi gjaldmiðla er sveiflum háð, er jafnan fyrir hendi gjaldeyrisáhætta þegar fjárfest er í fjármálagerningum í erlendri mynt. Efnislegir þættir sem áhrif hafa á gengi gjaldmiðla eru m.a. verðbólguþægir í tilteknu landi, bilið milli landsbundins vaxtastigs og vaxtastigs í öðrum löndum, mat á þróun atvinnulífsins, stjórnmálaástandið í heiminum og öryggi fjárfestinganna sem um ræðir.

2.4. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

2.4.1. Almenn

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir veita viðtöku fjár frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Þeir fjárfestar sem fá sjóðnum fé til ávöxtunar eiga rétt á að fá afhent svokölluð hlutdeildarskírteini sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í viðkomandi sjóði. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í sama hlutfalli og nemur hlutdeild þeirra í heildarfjölda útgefna hlutdeildarskírteina.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði eru innleysanleg að kröfu eiganda en hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóði eru innleysanleg samkvæmt reglum viðkomandi fjárfestingarsjóðs.

Fagfjárfestingsjóðir eru sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Þeir standa eingöngu fagfjárfestum til boða og er almenningi því óheimilt að fjárfesta í þeim. Fagfjárfestingsjóð má stofna sem hlutafélag eða í öðru félagaformi.

2.4.2. Áhættuþættir

a) Almenn

Fjárfesting í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum geta verið áhættuminni en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar þar sem sjóðirnir dreifa yfirleitt áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Rýmri heimildir fjárfestingarsjóða en verðbréfasjóða til fjárfestinga leiða til þess að það er almennt áhættusamara að fjárfesta í fjárfestingarsjóði en verðbréfasjóði. Engar takmarkanir eru á fjárfestingarheimildum fagfjárfestingsjóða og því felst almennt mun meiri áhætta í því að fjárfesta í slíkum sjóði en þeim sjóðum sem standa almenningi til boða.

b) Stjórnunaráhætta

Þar sem ávöxtun í sjóði um sameiginlega fjárfestingu veltur m.a. á hæfni og ákvarðanatöku stjórnenda sjóðsins getur röng ákvarðanatöku leitt af sér tap.

b) Hætta á gengisfalli eininga

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu fela í sér áhættu á gengisfalli og endurspeglar gengisfallið lækkun á gengi fjármálagerninga eða gjaldmiðla sem mynda eignasafn viðkomandi sjóðs. Því meiri sem eignadreifing sjóðsins er, því minni hætta er á tapi. Á móti kemur að áhættan er meiri í sérhæfðari fjárfestingum en þar sem eignadreifing er minni. Því er mikilvægt að gefa gaum að þeim almennu og sértæku áhættuþáttum sem fylgja þeim fjármálagerningum og gjaldmiðlum sem mynda sjóðinn. Fjárfestar geta m.a. aflað upplýsinga um sjóði með því að lesa lýsingar þeirra.